

AUGLÝSING

um deiliskipulag og deiliskipulagsbreytingar í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir eða breytingar á deiliskipulagsáætlunum.

1. *Tjarnholtsmýri í landi Bjarnastaða í Grímsnesi, breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar.*
Breytingin felst í því að lóð númer 3 er skipt í tvær jafnstórar lóðir, 3 og 3a, 5,15 ha hvor lóð.
2. *Suðurheiðarvegur í landi Norðurkots í Grímsnesi, breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar.*
Breytingin felst í því að lóðir nr. 8, 8a, 10 og 10a við Suðurheiðarveg verði að þremur lóðum 8, 8a og 10 sem verða allar 7.000 m² hver.
3. *Syðri-Brú í Grímsnesi, breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar.*
Breytingin felur í sér breytt lóðamörk mót vestri en við breytinguna minnka lóðir númer 1, 3, 5, 7 og 9 við A-götu og lóð númer 3 við B-götu.
4. *Bíldsfell í Grafningi, deiliskipulag frístundalóðar III d í syðsta hluta reits III.*
Um er að ræða 13,5 ha lóð með byggingareit fyrir 150 m² frístundahús og 25,0 m² aukahús.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 24. apríl 2006.

Pétur Ingi Haraldsson,
skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu.